


Dansgleði

Það verður naumast annað sagt en síðustu símfóniútléikar hafi verið oss íhaldsmönnum til mikils eftirlætis.



Eyrna lýst

eftir Arnar Björnsson

Fyrst kom nú hin dævna dyggðuga svíta úr ballettinum Blindisleik eftir Jón Asgeirsson. Manni var nokkur forvitni á, hvernig þessi músík stæði sig án þess að hafa sér til fulltingis dansarana „með mörgum snúningum allt um kring, með stappi aftur á bak og áfram, með hoppi upp og niður, með hlaupum til og frá“. Og hún stóð meira en vel fyrir sínu, bæði áheyrileg og hæfilega slungin. Hinsvegar

mátti hún kallast í daufara lagi flutt miðað við það, sem maður heyrði í fyrra. Má um valda, að hinn þýski stjórnandi, Lutz Her-

big, hafi ekki verið ýkja kunnugur verkinu og því farið gætilegar en ella.

Píanókonserter Mozarts 23 talsins lofa sig sjálfir allir sem einn. Ég hef þó víst aldrei heyrt þennan eina fyrir þrjú planó, sem Leifur Þórarinnsson segir að sé ekki nema í meðallagi, enda saminn handa saumaklúbbsi hefðarmeyja í Vínarborg og miðaður við getu þeirra. Gisli Magnússon lék nú þann nr. 21.

KV 467. Stef úr honum voru víst notuð í einhverja sænska kvikmynd, Elvira Madigan, og á plötumslagi einu litur svo út sem konsertinn sé byggður á stefi úr kvikmyndinni. Gisli er ekki ýkja tilþrífamikill pianisti, en ákaflega fagaður. Og miðað við þá kúltiveruðu innlifun spiladri hann þennan konsert nánast óaðfinnanlega.

Hinsvegar er Mozart þannig vaxinn einsog aðrir miklir meistara að það má fara með hann á margar lundir, þjósnast á honum, jassa hann, poppa hann upp, skrumskæla hann, og alltaf stendur hann jafnkeikur, rétt einsog Hallgrímur Pétursson, hvernig sem menn snúa út úr Passíusálmunum, — og kannski einmitt vegna þess.

Fá klassísk verk er maður jafnvandlátur á hvað flutning varðar og 7. símfónu Beethoven. Það er líka undrunarefni í hvert sinn að sjá, hversu fáir hljóðfæraleikarar eiga að flytja þetta kynngikröftuga verk. Ekki nema rúm 40 manns, þar af aðeins 2 horn, 3 trompetar og



Jón Asgeirsson — dævna dyggðug svíta úr ballettinum Blindisleik.

1 trommari. Hvaðan kemur allur þessi ægikraftur? Hann kemur, ef vel er stjórnað. Leiðsögumaður minn í músík í menntaskóla sagðist varla hafa orðið fyrir vöðalegri sjón en andlitinu á Olav Kielland, þegar hann sneri sér við, eftir að hafa stjórnað þeirri sjöundu í þjóðleikhúsinu. Hvað hefði orðið, ef Beethoven hefði ráðið yfir öllum sömu apparötum og nútímatónskáld?

Lutz Herbig tókst þessi flutningur á sinn hátt. Hann gerði sér mikið far um að hafa skýran mun á veikum og sterkum tóktum. Sumir leitast við að hafa þetta einn djöfulgang frá upphafi til enda. En kannski var það fyrir þetta bragð, að lok 2. og 3. þáttar virtust í daufara lagi miðað við venju. Það var áreiðanlega ekki af neinu getuleysi, aflið var nægjanlegt á öðrum stöðum. Og í heild var þetta ágætt, og hrollurinn fór stundum milli skinns og hörunds.

Ekki veit ég, hvort einhverjum hefur nokkru sinni dottið í hug að semja hallett við þessa símfónu, sem oft hefur verið nefnd Dansasímfónan og síðasti þátturinn Dionysusarhátíð. En það held ég yrðu meiri lætin.

Þegar út var gengið af þess-ánægðulegu tónleikum, lá þó við að maður saknaði þess, að ekki hefði verið á þeim neitt ótvírætt framúrsefnum. Þau þurfa að vera með. Þó ekki sé nema til að hafa eitthvað til að nöldra yfir.

Kapphlaupið um lögbrotin

Vofa ein fer um landið — vofa videosins —. Gagnvart henni virðast ráðamenn þjóðarinnar, og þar með einnig ráðamenn

Reykjavík að minnsta kosti enn sem komið er. Þegar hafa nokkrar blokkir komið sér upp einkakerfum og á næstu vikum tekur til starfa fyrsta stöðin sem



Fjölmiðlun

eftir Keyni Antonsson

rikisfjölmiðlanna standa ger-samlega ráðþrota. Enn sem komið er er erfitt að gera sér grein fyrir því hvort hér er aðeins um stundarfyrirbæri, einskonar „æði“, að ræða, eða hvort hér er um að ræða byltingu — varanlega byltingu — í fjölmiðlun landsmanna. Ekki höfum við Akureyringar fremur en aðrir landsmenn farið varhluta af þessu videóæði. Hér hefur þó videóbyltingin orðið með nokkuð öðrum hætti en til dæmis í

margar blokkir tengjast við, eða alls 516 íbúðir, og er hún í hinu svokallaða Lundahverfi ofarlega á Brekkunni. Akveðið var á síðastliðnu sumri af nokkrum íbúum hverfisins að kanna undirtektir meðal fólks við það að koma upp slíkri stöð.

Áð sögn forgöngumanna þessa fyrirtækis var ástæðan til þess að slíkar hugmyndir vöknudú sá ótti að fyrirtæki á borð við Videosón, annaðhvort rekið af heimamönnum eða útibú frá að-

ilum fyrir sunnan, kynni að hasla sér völl í hverfinu. Undirtektir fólks urðu í sem skemmtu máli sagt mjög góðar og fyrir skemmtu var gengið frá stofnun einskonar samvinnufélags um rekstur stöðvarinnar. Framkvæmdir við kapallagnir eru þegar hafnar, en þar hafa táfist nokkuð þar sem bæjarstjórn synjaði um heimild til þess að lagt yrði yfir bæjarland. Synjun þessi var að visu á misskilningi byggð, þar sem alítið var að um einkafyrirtæki væri að ræða sem rekið væri í ágóðaskyni.

Þegar í upphafi var sú stefna tekin að fara nokkuð aðrar leiðir varðandi efnisval heldur en gengur og gerist hjá hljóðstæðum stöðvum. Þannig verður að forðast að sýna annað efni en það sem höfðar til „allrar fjöl-skyldunnar“, og hlutur barnaefnis verður mikill án þess þó að um offramboð verði að ræða, og reynt verður að takmarka útsendingartímann nokkuð mikið. Stjórn videofélagsins sem að sjálfsögðu er kosin af félögum mun sjá um efnisval og þannig virka sem einskonar útvarpsráð en að sjálfsögðu verður tekið mikið mið af óskum almennings í hverfinu í því sambandi. Hugmyndin er að rásirn-

ar verði tvær þannig að viðtækir möguleikar ættu að verða fyrir hendi til að sinna sem flestum óskum um efnisval.

Það er ef til vill að bera í bakkafullan lækinn að reyna að koma með útskýringu á því hvers vegna alitlegur hluti þjóðarinnar tekur sig allt í einu til og fer að keppast við að brjóta lög í gríð og erg. Ekki bara ein lög heldur mörg. Blessaðir þingmennirnir okkar stiga í pontu hver á fætur öðrum og lýsa yfir áhyggjum sínum og hneykslun um leið og þeir finna til vanmáttar síns. Ef til vill er eina af orsökum þess hvernig komið er einmitt að finna í þessum vanmátti Alþingis. Þingmenn eru oft að vasast í hlutum sem koma löggjafarstarfinu ekkert við. Þeir hafa hreinlega ekki tíma til að setja ný lög í stað annarra sem úrelt verða t.d. vegna tækniframfara. Ef menn sjá breytinga þörf er bara rakið til og skipuð nefnd. Að sjálfsögðu skipa þingmennirnir sig sjálfir í þessar nefndir, eða þá flokks-gæðinga. Gott dæmi um þetta er einmitt Útvarpslaganefndin sem skipuð var í haust.

Miklu hagkvæmara hefði verið í því tilfelli að skipa til dæmis þriggja manna sérfræðingane-fnd sem í ættu sæti tveir menn

með fjölmiðlamenntun og einn löggfórður. Stjórnmalaskoðanir þeirra hefðu engu máli skipt í því sambandi. Og það er fjaránlegt að láta menn sem háttsettir eru innan Ríkisútvarpsins koma þarna nærri, þar sem vitað er að videóæðið er að miklu leyti sprettið af óánægju með þá stofnun. Menn kenna fjárskorti um vanmátt Ríkisútvarpsins og kann það að vera rétt að nokkru leyti, en ekki þýðir að kyrja stöðugt sönginn um hærri lögtakskræf afnotagjöld. Ef þau þurfa að hækka þarf að gera þau að manabarggjöldum og ekki lögtakskræf. Það að gera þau lögtakskræf eru einhver stærstu mistökinn sem gerð hafa verið í íslensku fjölmiðlasögu, þar sem við það varð stofnunin óháð neytendum sínum, varð að enn einu tannhjólinu í valdabákninu því sem í daglegu tali er nefnt „húð opinbera“.

Forráðamenn Ríkisútvarpsins svo og stjórnmál geta mikið lært af þeirri tilraun sem íbúar Lundahverfisins hyggjast gera með að koma á fót lýðræðislega stjórnun sjónvarpi. Hugsanlega er hér kominn málamiðlun milli þeirra sjónarmiða sem vilja gefa ljósvakafjölmiðlun frjálsa og hinna sem telja slíkt óhyggilegt.

Íslensk list

Íslensk list

16 íslenskir myndlistarmenn
Útgefandi: Bókautgáfan
Hildur, 1981, 176, bls.

Nýlega kom út bók frá bókautgáfunni Hildur, um 16 íslenska myndlistarmenn. Bók-

raunar furdulegt að svo skuli vera, þegar gætt er að því, hve auðvelt er að afla heimilda og nálgast listaverk til athugunar, (því tiltölulega lítið af íslensku myndlist hefur dreifst til annarra landa). Það ætti því



Íslensk list — „verður að teljast mjög vönduð í alla staði“

fyrir 1930.

Það má því segja, að bók þessi spanni eina kynslóð listamanna, með nokkrum undantekningum þó. En þetta er einnig sú kynslóð, sem lítið eða ekkert hefur verið fjallað um í ritum, utan dagblöðum og sýningarskrám. Þótt íslensk list veiti takmarkaða innsýn í líf og starf þessara listamanna, er hún mikill fengur vegna þess, sem áður er nefnt.

Ég er ekki í vafa um að bók þessi eigi eftir að hljóta vinsældir, vegna þess að hún byggir á stuttri umfjöllun, gjarnan í formi viðtals, auk þess sem hún er skreytt myndum af og eftir viðkomandi listamenn.



Bókmenntir

eftir Halldór Björn Runólfsson

in er í veglegu broti, prýdd fjölda mynda, bæði í lit og svart-hvítu. Það eru 12 rithöfundar sem kynna listamennina, allt þjóðkunnir skrifarar. Formálsorð eru eftir forseta Íslands, Vigdís Finnbogadóttur.

Margir koma við sögu þessarar útgáfu, bæði ljósmyndarar, hönnuðir og prentstofur, sem of langt mál yrði upp að telja. Nægir að geta þess, að prentun er góð og litgreining með ágætum, þannig að bókinn verður að teljast mjög vönduð í alla staði.

Það er ávallt nýlunda, þegar bækur um íslenska myndlist eru gefnar út. Því miður gerist það allt of sjaldan og bókakostur um listamenn okkar er því vægast sagt, allt of rýr. Alvarlegar rannsóknir á þessu sviði virðast seint ætla að líta dagsins ljós og heimildarrit um myndlist eru af skornum skammti. Það er

ekki að vera hörgull á ritverkum, um íslenska myndlist, ef allt væri með felldu. En listirnar sitja ekki allar við sama borð og erfitt reynist að fá styrki til nauðsynlegra rannsókna, á sviði sjónrænna mennta.

Það er þó bót í máli, að með vissu millibili eru gefnar út bækur, á borð við Íslensk list og má því þakka mönnum á borð við Gunnar S. Þorleifsson, en hann hefur haft veg og vanda af útgáfunni.

Þeir rithöfundar sem leggja hönd á plögin, eru Jóhann Hjálmarsson, sem ritar um Alfreð Flóka og Einar G. Baldvinsson. Guðbjörg Kristjánsdóttir ritar um Asgerði Búadóttur. Adalsteinn Ingólfsson fjallar um þá Leif Breiðfjörð og Gunnar Örn Þorsteinn frá Hamri tekur fyrir Magnús Tómasson, Hring Jóhannesson og Þorbjörgu

Höskuldsdóttur. Þá skrifar Matthías Jóhannessen um Braga Asgeirsson og Bera Nordal um Jóhannes Jóhannesson, Sigurður A. Magnússon um Einar Hákonarson, Arni Bergmann um Baltasar, Guðbergur Bergsson um Jón Gunnar Arnason. Þá gerir Baldur Óskarsson, Vilhjálmur Bergssyni skil og Thor Vilhjálmsson, Ragnheiði Jónsdóttir. Lestina rekur svo Indriði G. Þorsteins-son, með umfjöllun um Eirík Smith.

AF þessu má ráða, hve yfirgripsmikil bók þessi er. Þá má teljast merkilegt, að listamenn sem stóðu í eldlinunni á 7. áratugnum og í byrjun þess 8., fá hér riflegt pláss. Hér á ég við þá sem kenndir voru við SÚM, eða voru viðriðir þann félags-skap. Flestir þessara listamanna eru fæddir á tímabilinu 1930—45. Ef bætt er við þeim, sem eru af sömu kynslóð, er megnið af bókinni komið. Aðeins einn þessara 16, er fæddur eftir 1945, en fjórir



hefur hins vegar látið í minni pokann og ber að harma það að íslenska sjónvarpið skuli ekki geta virkjað þá hæfileikamenn sem við eigum í kvikmyndun og dagskrárgerð í meira mæli en nú er.

Sjónvarpið er nú farið að bjóða upp á nýja breska seríu, njósnaþáttinn Refskák. Þessi þáttur er í anda hinnar sönnu bresku njósnaðuþefnar sem við Íslendingar fengum síðast að kynna í sögu Grahams Green, Hinn mannlegi þáttur, er kom út í fyrra. Áður árin er byggð upp á gátum sem síðan er svo svarað af hárbeittri rökvisi, en ekki tilfinningasemi sem einkennir yfirleitt svipaðar sögur frá Ameríku. Reyndar tel ég þá sjónvarpsmenn hafa verið afar fundvísar á gott erlent sjónvarpsfni, þó svo að nokkrum sinnum hafi átt sér stað slys, líkt og með Hart gegn hörðu. Þó finnst mér skorta verulega á framboði sjónvarpsþátta frá öðrum löndum en Bretlandi og

Bandaríkjunum. Norðurlöndin virðast hafa gleymst í bili, að ég tali nú ekki um Þýskaland, Frakkland, Holland, Belgíu og Ítalíu, svo nokkur góð sjónvarpslönd séu nefnd.

Það er eins og ekkert sé að gerast sem okkur kemur við í sjónvarpsmálum þessara landa. Ég er með öðrum orðum ekki alls kostar sammála videósjúklingunum sem þola helst ekki annað sjónvarpsfni en það sem er með ensku tali. Ég bið t.d. ennþá eftir að fá að sjá eitthvað af þessum sænsku myndum sem sjónvarpið boðaði kaup á núna í haust. Svíar eiga margt af því besta og jafnframt skemmtilegasta sem gert hefur verið á stuttu skeiði kvikmyndanna, allt frá því fyrir 1920 og fram á þennan dag. Fæst af þessu hefur reyndar þótt boðleg vara í íslenskum kvikmynda-húsum, en þar held ég að stjór-endur framboðs hafi ráðið meira en neytendur. Það er leitt til þess að vita ef sjónvarpið ætlar að elta kvikmyndahúsin út í blindu á annað efni en það sem engilsaxneskt er.